



Rekstraruppgjör A-hluta

Janúar – mars 2026

Greinargerð

Lagt fram í borgarráði 18. júní 2026



Borgarráð

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur nú fram rekstraruppgjör fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar tímabilið janúar – mars 2026 ásamt greinargerð. Tilgangurinn er að gefa borgarráði tímanlegar vísendingar um þróun rekstrar A-hluta borgarinnar vegna stefnumótunar- og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Mikilvægt er að hafa eftirfarandi atriði í huga við yfirferð rekstraruppgjörnsins:

- Uppgjörið er ekki endurskoðað eða með könnunaráritun ytri endurskoðanda.

Í eftirfarandi skýrslu er að finna samantekt á helstu niðurstöðum uppgjörnsins og ábendingum fjármála- og áhættustýringarsviðs ásamt rekstrarreikningi fyrir tímabilið, stöðu efnahags í lok tímabils og sjóðstreymi A-hluta. Þar á eftir fylgja greinargerðir einstakra fagsviða um helstu frávik milli fjárhagsáætlunar og niðurstöðu tímabilsins (raun). Í skýrslunni er jafnframt gert grein fyrir frávikum í skatttekjum, fjármagnsliðum og framlögum til B-hluta fyrirtækja.


Minnt er á að meðfylgjandi greinargerð er trúnaðarmál.

Reykjavík, 18. júní 2026

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

1. Samandregnar niðurstöður	3
2. Árshlutauppgjör A-hluta	9
2.1. Fjármagnsliðir A-hluta	13
2.2. Aðalsjóður	14
2.2.1 Menningar- og íþróttasvið	16
2.2.2 Skóla- og frístundasvið	18
2.2.3 Umhverfis- og skipulagssvið	25
2.2.4 Velferðarsvið	26
2.2.4.1 Velferðarsvið - bundnir liðir	29
2.2.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	31
2.2.6 Sameiginlegur kostnaður	32
2.2.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið	33
2.2.8 Mannauðs- og starfsumhverfissvið	34
2.2.9 Þjónustu- og nýsköpunarsvið	35
2.2.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja	36
2.3 Eignasjóður	37
2.3.1 Fjárfestingayfirlit Eignasjóðs	39

1. Samandregnar niðurstöður




Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2026_03	Áætlun 2026_03	Frávik	%	Raun 2025_03	Breyting	%
Staðgreiðsla	36.588	35.824	764	2,1%	33.761	2.826	8,4%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-5.401	-5.289	-113	2,1%	-4.984	-417	8,4%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	-481	0	-481	N/A	94	-575	-609,7%
Nettó útsvar	30.705	30.535	170	0,6%	28.871	1.834	6,4%
Fasteignaskattar	7.588	7.671	-83	-1,1%	7.128	461	6,5%
Lóðarleiga	695	701	-6	-0,8%	655	39	6,0%
Fasteignaskattar samtals	8.283	8.372	-89	-1,1%	7.783	500	6,4%
Skatttekjur samtals	38.988	38.907	81	0,2%	36.654	2.334	6,4%
Framlög Jöfnunarsjóðs	5.186	5.015	171	3,4%	4.376	810	18,5%
Þjónustutekjur	3.431	3.585	-154	-4,3%	3.512	-80	-2,3%
Eignatekjur	10.510	10.417	93	0,9%	9.937	573	5,8%
Sala byggingaréttar	388	667	-279	-41,8%	502	-114	-22,8%
Söluhagnaður (-)tap) eigna	536	83	453	543,6%	24	512	2093,8%
Endurgreiðslur annarra	2.273	1.852	421	22,7%	2.242	31	1,4%
Aðrar tekjur	327	330	-4	-1,1%	642	-316	-49,1%
Milliviðskipti tekin út	-10.569	-10.585	16	-0,1%	-9.868	-701	7,1%
Rekstrartekjur samtals	51.070	50.272	798	1,6%	48.023	3.047	6,3%
Laun og launatengd gjöld	-27.732	-27.403	-329	1,2%	-26.576	-1.156	4,3%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga	-881	-881	0	0,0%	-3.040	2.159	-71,0%
Launakostnaður samtals	-28.613	-28.284	-329	1,2%	-29.616	1.004	-3,4%
Annar rekstrarkostnaður	-20.290	-19.739	-551	2,8%	-18.998	-1.292	6,8%
Afskriftir	-2.601	-2.632	31	-1,2%	-2.440	-161	6,6%
Rekstrargjöld samtals	-51.504	-50.654	-849	1,7%	-51.054	-450	0,9%
Fjármagnsliðir og hlutd. í afkomu hlutdeildarf.	-4.157	-2.630	-1.527	58,1%	-2.403	-1.754	73,0%
EBITDA	2.167	2.249	-82	-3,7%	-592	2.759	-466,0%
EBIT	-434	-383	-51	13,4%	-3.032	2.598	-85,7%
Rekstrarniðurstaða	-4.591	-3.013	-1.578	52,4%	-5.435	844	-15,5%

Rekstrarniðurstaða A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði var neikvæð um 4.591 m.kr. sem var 844 m.kr. betri niðurstaða en fyrir ári síðan en 1.578 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað var. Helstu frávik voru í nettó fjármagnsgjöldum sem voru 1.527 m.kr. yfir áætlun og rekja má til hærri verðbólgu á tímabilinu en gert var ráð fyrir í áætlun.


Grunnreksturinn, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var jákvæður um 2.167 m.kr. sem var um 2.759 m.kr. betri niðurstaða en á sama tímabili 2025. EBITDA var um 82 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í áætlun.

Rekstur A-hluta samanborið við sama tímabil 2025

Rekstrartekjur hækkuðu milli ára um 3.047 m.kr. Skatttekjur ásamt tekjum frá Jöfnunarsjóði jukust um 3.144 m.kr., þar af jókst staðgreiðsla útsvars um 2.826 m.kr. Þá voru framlög frá Jöfnunarsjóði 810 m.kr. hærrí en fyrsta ársfjórðungi 2025. Sala byggingarréttar var 114 m.kr. lægri í ár saman borið við sama tímabil árið 2025 en söluhagnaður eigna var 512 m.kr. hærrí en á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Launakostnaður hækkaði um 1.156 m.kr. sem einkum má rekja til launahækkana samkvæmt kjarasamningum. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbinding var 2.159 m.kr. lægri en á sama tímabili 2025 en gjaldfærsla tímabilsins tekur mið af áætlun. Á sama tíma í fyrra var gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga aukin um 2,5 ma.kr. vegna nýrra kjarasamninga á tímabilinu. Annar rekstrarkostnaður jókst um 1.292 m.kr. á milli ára og afskriftir um 161 m.kr. Nettó fjármagnsgjöld voru hærrí í ár um 1.754 m.kr. sem einkum má rekja til hærri verðbólgu á tímabilinu.



Rekstur A-hluta samanborið við fjárhagsáætlun



Tekjur: Skatttekjur voru 38.988 m.kr. eða 81 m.kr. yfir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 764 m.kr. yfir áætlun. Fasteignaskattar voru 89 m.kr. undir áætlun. Framlög frá Jöfnunarsjóði voru 171 m.kr. yfir áætlun. Endurgreiðslur annarra námu 2.273 m.kr. og voru 421 m.kr. yfir áætlun, einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum en endurgreiðslur frá þeim voru 364 m.kr. yfir áætlun. Sala byggingarréttar nam 388 m.kr. og var 279 m.kr. undir áætlun. Söluhagnaður eigna var 453 m.kr. yfir áætlun. Þjónustutekjur námu 3.431 m.kr. og voru 154 m.kr. undir áætlun.

Gjöld: Laun og launatengd gjöld voru 27.732 m.kr. eða um 329 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,2%. Frávik í launakostnaði voru mest á velferðarsviði sem var 232 m.kr. umfram fjárheimildir, aðallega vegna búsetuþjónustu og hjá skóla- og frístundasviði sem var 216 m.kr. umfram fjárheimildir. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 881 m.kr. en gjaldfærsla tímabilsins tók mið af áætlun. Annar rekstrarkostnaður nam 20.290 m.kr. og var um 551 m.kr. umfram fjárheimildir. Mest frávik voru hjá Velferðarsviði án bundinna liða sem var 725 m.kr. yfir fjárheimildum og rekja má til þjónustu við börn og einstaklinga með fjölþættan vanda. Ósamþykktir reikningar í lok mars sem færast í apríl námu 504 m.kr. þar af voru reikningar vegna fjárfestinga 171,4 m.kr. Afskriftir voru 31 m.kr. undir fjárheimildum. Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu 4.157 voru 1.527 m.kr. hærrí en áætlað var sem skýrist að mestu af verðbólgu tímabilsins en vísitala neysluverðs til verðtrygginga hækkaði um 2,5% á tímabilinu en í áætlun var gert ráð fyrir 0,9% hækkun vísitölunnar á tímabilinu.


Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða	Áætlun	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
	jan.-mars 2026	jan.-mars 2026			
Fjármála- og áhættustýringarsvið	316	347	-31	-9%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	1.413	1.425	-12	-1%	3%
Menningar- og íþróttasvið	5.949	5.744	205	4%	13%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	266	260	6	3%	1%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	647	704	-57	-8%	1%
Skóla- og frístundasvið	23.143	23.006	136	1%	52%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	3.188	3.257	-69	-2%	7%
Velferðarsvið án bundinna liða	11.149	10.546	603	6%	25%
Velferðarsvið, bundnir liðir	1.124	1.206	-81	-7%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	1.412	1.572	-160	-10%	3%
Sameiginlegur kostnaður	1.468	1.620	-151	-9%	3%
Lífeyrisskuldbindingar	881	881	0	0%	2%
Málaflokkar Aðalsjóðs samtals	50.957	50.568	389	1%	115%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					44.174

Helstu frávik frá áætlun eru hjá **Velferðarsviði án bundinna liða** sem var 603 m.kr. umfram fjárheimildir, laun og launatengd gjöld 232 m.kr. sem samkvæmt sviðinu var einkum vegna búsetuúrræða fyrir fatlað fólk, annar rekstrarkostnaður var 725 m.kr. umfram fjárheimildir, að mestu vegna þjónustu við börn og einstaklinga með fjölþættan vanda. **Menningar- og íþróttasvið** var 205 m.kr. yfir fjárheimildum, mest frávik voru vegna íþróttaborgar sem var 213 m.kr. yfir fjárheimildum sem skýrist annars vegar af umframkostnaði við frístundakortið og hins vegar af rekstri á gervigrasvöllum. **Skóla- og frístundasvið** var 136 m.kr. umfram fjárheimildir, þar af voru laun og launatengd gjöld 216 m.kr. yfir fjárheimildum sem samkvæmt sviðinu má að hluta rekja til þess óhagræðis sem fylgir fleiri starfstöðum þegar unnið er að viðhalds og endurbótum hjá skólum.

Skuldir og skuldbindingar A-hluta 31.03.2026							
í m.kr.	Staðan	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting skammtíma-skulda	Staðan
	1.1.2026						31.03.2026
Lífeyrisskuldbinding*	45.940		-541		881		46.280
Langtímaskuldir*	140.209	6.385	-1.368	2.252			147.478
Leiguskuldbindingar*	11.985		-508	248			11.725
Áhættuvarnarsamningur	98			12			111
Viðskiptaskuldir	7.309					-1.916	5.393
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	465					267	732
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)	77					0	77
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	12.170					4.694	16.864
Aðrar skammtímaskuldir	3.438					140	3.578
	221.690	6.385	-2.417	2.513	881	3.185	232.237


* ásamt næsta árs afborgunum

Hér má sjá yfirlit yfir þróun skulda og skuldbindinga frá áramótum. Lántökuáætlun ársins vegna framkvæmda hljóðar upp á 14.000 m.kr. og var í mars búið að taka lán að fjárhæð 6.385 .kr. Hækkun launaliðarins skýrist að mestu af að útborgun launa fór fram eftir mánaðamót.



Hreinar vaxtaberandi skuldir A-hluta hækkuðu um 4 ma.kr. frá áramótum en hreinar skuldir A-hluta hækkuðu um 6 ma.kr. Munurinn liggur aðallega í ógreiddum launum sem voru greidd 1. apríl.¹


Athygli er vakin á að við útreikning á hlutfalli hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi skulda af tekjum er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.



Handbært fé frá áramótum til loka mars hækkaði um 3.330 m.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 3.667 m.kr. Greidd gatnagerðargjöld og sala byggingaréttar námu 1.071 m.kr. Lántaka tímabilsins nam 6.385 m.kr. Afborganir lána og leiguskulda voru 1.876 m.kr.

¹ Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar skuldir eru allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði, öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var jákvætt um **1,2%** á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026.

Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar sem Reykjavíkurborg setti sér í fjármálastefnu fyrir árin 2023-2027 eru eftir farandi:

1. Rekstrarniðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2025.
2. Launakostnaður verði að hámarki 80% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum frá og með árinu 2025.
3. Veltufé frá rekstri verði yfir 7,5% af tekjum frá árinu 2025.
4. Veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána og skuldbindinga frá og með árinu 2025.
5. Lántaka nemi að hámarki 70% af fjárfestingum ársins frá og með árinu 2025.
6. Skuldaviðmið A-hluta fari ekki yfir 100% af tekjum.
7. Lágmarksstaða handbærs fjár miði við 8 ma.kr.

	Markmið fjármálastefnu	Raun				Fjárhagsáætlun 2026-2030			
		2025-03	2026-03	2025	2026	2027	2028		
Rekstrarniðurstaða	>0	✗ (5.435)	✗ (4.591)	✗ (5.317)	✓ 4.763	✓ 6.853	✓ 7.832		
Hlutfall launakostnaðar	<80%	✓ 79,9%	✓ 77,3%	✓ 78,5%	✓ 76,8%	✓ 76,3%	✓ 76,0%		
Veltufé frá rekstri / tekjum	>7,5%	✗ 1,4%	✗ 1,2%	⚠ 6,9%	✓ 7,7%	✓ 8,0%	✓ 8,0%		
Veltufé frá rekstri / afb. lána	>1,0	✗ 0,35	✗ 0,26	✓ 1,22	✓ 1,28	✓ 1,06	✓ 1,24		
Lántaka / fjárfestingum*	<70%	-	-	✓ 61%	✓ 59%	✓ 60%	✓ 48%		
Skuldaviðmið*	<100%	-	-	✓ 80%	✓ 77%	✓ 76%	✓ 72%		
Handbært fé í árslok	>8.000	✓ 14.680	✓ 18.406	✓ 15.076	✓ 17.061	✓ 14.548	✓ 13.230		

* Einungis reiknað og birt á ársgrundvelli

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Helstu frávik í rekstrarniðurstöðu frá áætlun skýrast af meiri verðbólgu á tímabilinu janúar-mars en gert hafði verið ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir fjármagnsliði er í takt við áætlun.
- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga tekur mið af áætlun á tímabilinu.
- Tekjur hækka um 3 ma.kr. samanborið við fyrsta ársfjórðung árið 2025 og rekstrarniðurstaðan er 844 m.kr. betri en fyrir ári síðan.
- Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum er jákvætt um 1,2% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2025.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða felur í sér veruleg frávik frá samþykktum fjárheimildum eða 5,7%. Verði ekki brugðist við með markvissum hætti stefnir í mikinn halla á rekstri Velferðarsviðs á árinu.
- Launakostnaður Velferðarsviðs er 233 m.kr. umfram fjárheimildir. Stór hluti þess kemur til vegna yfirvinnulauna umfram fjárheimildir. Rýna þarf mönnun og fara í aðgerðir til að draga úr kostnaði.

- Kostnaður vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda nam 299 m.kr. Ríkið ber ábyrgð á þjónustu þessa hóps en tekjur frá ríkinu voru aðeins 241 m.kr. og því vantar 58 m.kr. upp á fulla fjármögnun ríkisins. Það er mikilvægt að Velferðarsvið tryggi fulla fjármögnun á þeim úrræðum þegar samið er við ríkið um rekstur.
- Menningar- og íþróttasvið var 205 m.kr. yfir fjárheimildum á tímabilinu og stefnir rekstur sviðsins í halla á árinu að öðru óbreyttu. Mikilvægt er að stjórnendur bregðist við frávikum í rekstri og leiti leiða til að rekstur verði innan fjárheimilda.

2. Árshlutauppgjör A-hluta

Rekstrarreikningur janúar - mars 2026

	Skýr.	A-hluti	
	Árshlutareikningur	Fjárhagsáætlun	Árshlutareikningur
	jan.-mar. 2026	jan.-mar. 2026	jan.-mar. 2025
REKSTRARTEKJUR			
Skatttekjur	38.988.261	38.907.076	36.654.237
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	5.185.914	5.014.653	4.376.199
Aðrar tekjur	6.895.551	6.349.983	6.992.067
Rekstrartekjur samtals	51.069.726	50.271.712	48.022.503
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	27.731.893	27.403.156	26.576.311
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	880.750	880.750	3.040.161
Annar rekstrarkostnaður	20.290.424	19.739.010	18.998.025
Rekstrargjöld samtals	48.903.068	48.022.916	48.614.497
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, EBITDA,	2.166.658	2.248.795	(591.994)
Afskriftir fastafjármuna	(2.600.742)	(2.631.566)	(2.439.742)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(434.083)	(382.770)	(3.031.736)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(4.156.677)	(2.629.875)	(2.403.135)
Rekstrarniðurstaða	(4.590.760)	(3.012.645)	(5.434.871)

Efnahagsreikningur 31. mars 2026

Eignir

	A-hluti	
	Árshlutareikningur 31.3.2026	Ársreikningur 31.12.2025
FASTAFJÁRMUNIR		
Óefnislegar eignir:		
Óefnislegar eignir	4.885.211	5.152.167
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir	181.346.848	179.621.992
Gatnakerfi	43.532.729	43.566.914
Áhöld og tæki	7.932.219	8.166.350
Leigðar eignir	5.359.163	5.629.215
	238.170.959	236.984.470
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutar í félögum	20.196.459	20.047.209
Fyrirframgreiddur kostnaður, Brú lífeyrissj.	7.226.008	7.322.297
Áhættuvarnarsamningar	35.450	103.137
Aðrar langtímakröfur	1.810.581	1.755.054
	29.268.499	29.227.696
	Fastafjármunir samtals	272.324.669
		271.364.333
VELTUFJÁRMUNIR		
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	19.821.381	18.040.370
Næsta árs afborganir annarra langtímakr.	776.365	746.938
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki	117.189	252.539
Fyrirframgreiddur kostnaður, Brú lífeyrissj.	385.156	385.156
Eignir til sölu	420.000	420.000
Aðrar skammtímakröfur	2.382.686	2.391.978
Handbært fé	18.405.740	15.076.010
	Veltufjármunir samtals	42.308.517
		37.312.990
EIGNIR SAMTALS	314.633.186	308.677.323

Efnahagsreikningur 31. mars 2026

Eigið fé og skuldir

	A-hluti	
	Árshlutareikningur 31.3.2026	Ársreikningur 31.12.2025
EIGIÐ FÉ		
Eiginfjárreikningur	82.396.158	86.986.919
Eigið fé samtals	82.396.158	86.986.919
SKULDBINDINGAR		
Lífeyrisskuldbinding	44.129.782	43.790.369
Skuldbindingar samtals	44.129.782	43.790.369
LANGTÍMASKULDIR		
Langtímalán	138.172.586	131.556.002
Leiguskuldir	9.610.187	9.935.562
Langtímaskuldir samtals	147.782.773	141.491.564
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	5.393.096	7.308.598
Næsta árs afborganir langtímalána	9.305.490	8.652.999
Næsta árs afborganir leiguskulda	2.115.123	2.049.243
Skammtíamhluti lífeyrisskuldbindingar	2.150.000	2.150.000
Næsta árs afborgun áhættuvarnarsamnings	110.828	98.395
Skuldir við eigin fyrirtæki	731.735	464.521
Fyrirfram innheimt	77.014	77.014
Aðrar skammtímaskuldir	20.441.186	15.607.702
Skammtímaskuldir samtals	40.324.473	36.408.471
Skuldir og skuldbindingar samtals	232.237.027	221.690.404
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS	314.633.186	308.677.323

Yfirlit um sjóðstreymi janúar - mars 2026

	Árshlutareikningur jan.-mar. 2026	Fjárhagsáætlun jan.-mar. 2026	Árshlutareikningur jan.-mar. 2025
REKSTRARHREYFINGAR			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	(4.590.760)	(3.012.645)	(5.434.871)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna	(924.094)	(750.000)	(526.588)
Reiknaðar afskriftir	2.600.742	2.631.566	2.439.742
Verðbætur, afföll og gengismunur	2.478.535	954.156	1.069.743
Gangvirðisbreyting áhættuvarnar	80.119	0	0
Breyting lífeyrisskuldbindingar	880.750	880.750	3.040.161
Fyrirframgreitt framlag til Brúar Isj, breyting	96.289	96.289	96.289
Veltufé frá rekstri	621.581	800.115	684.476
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtíma kröfur, (hækkun), lækkun	(1.636.369)	753.952	(605.108)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	3.185.197	0	2.407.788
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ársins	(541.338)	(465.000)	(492.392)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	1.007.490	288.952	1.310.289
Handbært fé frá rekstri	1.629.071	1.089.068	1.994.765
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(4.034.648)	(3.607.500)	(2.844.805)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(169.012)	(237.000)	(239.583)
Innborguð gatnagerðargjöld	683.086	833.333	648.067
Sala byggingarréttar	387.749	666.667	502.140
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	536.645	83.333	24.759
Breyting á eignarhlutum	(149.250)	(325.153)	(518.290)
Langtíma kröfur, breyting	(62.830)	1.050.000	1.047.965
Fjárfestingarhreyfingar	(2.808.261)	(1.536.320)	(1.379.747)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Tekin ný langtímalán	6.384.886	3.500.000	3.312.964
Afborganir langtímalána	(1.368.124)	(1.270.909)	(984.854)
Afborganir leiguskulda	(507.842)	(473.188)	(453.613)
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	0	0	46.884
Aðrar hreyfingar	0	0	(6.943)
Fjármögnunarhreyfingar	4.508.921	1.755.903	1.914.438
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	3.329.731	1.308.651	2.529.456
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	15.076.010	15.565.156	12.150.761
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS	18.405.741	16.873.807	14.680.217

2.1. Fjármagnsliðir A-hluta

Fjármagnsliður A-hluta 2026 (í m.kr.)	Raun	Áætlun	Frávik
Vaxtatekjur og verðbætur	267	205	62
Tekjur af ábyrgðargjaldi	61	40	21
Arður af eignarhlutum			
Fjármunatekjur samtals	327	245	82
Vaxtagjöld og verðbætur	-4.370	-2.846	-1.524
Innlausn gjalddeyris- og vaxtaskiptasamninga			
Gangvörðisbreyting áhættuvarnar	-80		-80
Gengismunur	49		49
Fjármagnstekjuskattur	-84	-29	-55
Fjármagnsgjöld samtals	-4.484	-2.875	-1.609
Samtals	-4.157	-2.630	-1.527

Fjármagnsliður A-hluta á tímabilinu var neikvæður um 4.157 m.kr. en áætlað var að hann yrði neikvæður um 2.630 m.kr. Nettó fjármagnsgjöld voru því 1.527 m.kr. hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Frávik frá áætlun skýrist af því að fjármunatekjur voru 82 m.kr. yfir áætlun. Þar er ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár 62 m.kr. yfir áætlun og tekjur af ábyrgðargjaldi 21 m.kr. yfir áætlun. Fjármagnsgjöld voru 1.609 m.kr. yfir áætlun, vaxtagjöld og verðbætur voru 1.524 m.kr. hærrí en áætlað var vegna hærrí verðbólgu á tímabilinu en gert var ráð fyrir í áætlun. Einnig var fjármagnstekjuskattur 55 m.kr. hærrí en áætlað var.

Lausafjárstýring: Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár það sem af er ári var jákvæð um 267 m.kr. sem var 62 m.kr. umfram

áætlun. Heildarfjármunir í skuldabréfasafni borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum í lok mars námu 8.108 m.kr. og var ávöxtun þess 1,02% frá áramótum. Ávöxtun skuldabréfasafnsins var 7,49% síðustu 12 mánuði.

Handbært fé A-hluta í lok mars var 18.406 m.kr. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að staða á handbæru fé væri um 16.874 m.kr.

Lánastýring: Staða lána í A-hluta án leiguskulda var 147.478 m.kr. í lok mars en voru 140.209 m.kr. í upphafi árs. Hækkunin nemur 7.269 m.kr. og samanstendur af nýrri lántöku að fjárhæð 6.385 m.kr. 2.252 m.kr. í áföllnum verðbótum og gengismun og til lækkunar eru afborganir lána 1.368 m.kr. Sjá nánar í meðfylgjandi töflu.

Flokkur	Samtals útgefið 31.03.2026	Vextir	Greiðslutegund	Eftirstöðvar 31.03.2025	Lokagjalddagi	Vísitölutenging	Meðaltími í árum	Lánstími í árum	Hlutfall
RVKN 27 1	3.000.000	9,52%	Kúlubréf	3.000.000	26.4.2027	Óverðtryggt	1,0	1,1	2,0%
RVKN 35 1	47.955.000	6,72%	Jafnar afborganir	21.838.988	26.3.2035	Óverðtryggt	4,0	9,0	14,8%
RVKNG 40 1	9.130.000	4,50%	Jafnar afborganir	6.837.953	21.8.2040	Óverðtryggt	5,6	14,4	4,6%
Íslandsbanki - langtímalán	6.000.000	Breytilegir	Óreglulegt	5.400.000	1.11.2032	Óverðtryggt	0,1	6,6	3,7%
Landsbanki - langtímalán	4.000.000	Breytilegir	Jafnar afborganir	3.133.333	25.10.2037	Óverðtryggt	0,3	11,6	2,1%
RVK 32 1	31.819.215	2,50%	Jafngreiðslubréf	25.259.924	21.10.2032	Verðtryggt	3,2	6,6	17,1%
RVK 44 1	14.595.000	3,75%	Jafngreiðslubréf	14.756.079	21.5.2044	Verðtryggt	8,2	18,1	10,0%
RVKG 48 1	14.545.000	2,39%	Jafngreiðslubréf	17.381.035	21.10.2048	Verðtryggt	9,8	22,6	11,8%
RVK 53 1	23.710.000	4,40%	Jafngreiðslubréf	42.917.798	10.12.2053	Verðtryggt	11,7	27,7	29,1%
Landsbanki - langtímalán	2.000.000	Breytilegir	Jafnar afborganir	1.903.933	25.10.2037	Verðtryggt	0,3	11,6	1,3%
Jöfnunarsjóður	180.000	2,00%	Jafnar afborganir	137.913	1.1.2037	Verðtryggt	5,5	10,8	0,1%
CEB1	2.182.720	Breytilegir	Jafnar afborganir	2.182.720	15.12.2044	EUR	0,5	18,7	1,5%
CEB2	2.728.400	Breytilegir	Jafnar afborganir	2.728.400	10.12.2044	EUR	0,5	18,7	1,9%
Samtals langtímaskuldir				147.478.076			6,8	16,9	100%

* Altar fjárhæðir í þús. króna

Lántökuáætlun ársins hljóðar upp á 14.000 m.kr. Í mars var búið að taka lán með áföllnum vöxtum að fjárhæð 6.482 m.kr. að markaðsvirði. Sjá nánar um lántöku ársins í töflu.

Efnahagsmál: Vísitala neysliverðs hækkaði um 1,88% frá áramótum og ársverðbólga stendur í 5,4%. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 3,5% ársverðbólguhækkun á árinu 2026 í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá nóvember 2025. Frá ársbyrjun hefur vísitala neysliverðs hækkað um 1,88%² samanborið við 0,9% sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.


Vaxtaþróun: Meginvextir Seðlabanka Íslands voru 7,50% í lok tímabilsins, hækkuðu um 0,25 prósentustig í mars.

Markaðsverð lántöku 2026

Flokkur	Janúar	Febrúar	Mars
RVK 53 1			
RVK 32 1			
RVK 44 1	2016	2.210	
RVKG 48 1			
RVKN 27 1			
RVKN 35 1	379	1.877	
RVKNG 40 1			
CEB			
Samtals	2.395	4.087	0
Uppsafnað	2.395	6.482	6.482
Áætluð lántaka	14.000		
Eftirstöðvar áætlaðrar lántöku	11.605	7.518	7.518

² Skuldir Reykjavíkurborgar eru reiknaðar upp miðað við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og hefur hún hækkað um 2,49% frá áramótum.

2.2. Aðalsjóður



Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.)	Raun 2026_03	Áætlun	Frávik	%	Raun 2025_03	Breyting	%
Staðgreiðsla	36.588	35.824	764	2,1%	33.761	2.826	8,4%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-5.401	-5.289	-113	2,1%	-4.984	-417	8,4%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	-481	0	-481	n/a	94	-575	-609,7%
Nettó útsvar	30.705	30.535	170	0,6%	28.871	1.834	6,4%
Fasteignaskattar	9.043	9.124	-81	-0,89%	8.510	533	6,3%
Skatttekjur samtals	39.748	39.660	89	0,2%	37.381	2.367	6,3%
Endurgeiðslur annarra:							
Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar	830	794	36	4,5%	729	101	13,9%
Gr. frá ríkissjóði v. framfærslustyrks erl. ríkisb.	300	269	31	11,7%	270	30	11,1%
Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur	5	0	5	n/a	170	-165	-96,9%
Gr. frá ríkissjóði v. móttöku flóttafólks	94	0	94	n/a	94	0	0,3%
Barnaverndarnefnd - úrræði	241	0	241	n/a	0	241	n/a
Gr. v. Klettaskóla og frístundar Klettaskóla	393	378	15	3,9%	382	10	2,7%
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn.	144	144	0	0,1%	150	-6	-3,9%
Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum	189	248	-59	-23,7%	344	-154	-44,9%
Ýmsir styrkir	76	19	57	294,5%	103	-27	-25,9%
Endurgeiðslur annarra samtals:	2.273	1.852	421	22,7%	2.242	31	1,4%
Framlög Jöfnunarsjóðs	5.186	5.015	171	3,4%	4.376	810	18,5%
Þjónustutekjur	3.353	3.560	-207	-5,8%	3.442	-89	-2,6%
Eignatekjur	1.103	1.017	86	8,5%	990	114	11,5%
Aðrar tekjur	358	312	46	14,9%	671	-313	-46,7%
Rekstrartekjur samtals	52.021	51.415	607	1,2%	49.102	2.919	5,9%
Laun og launatengd gjöld	-27.273	-26.887	-386	1,4%	-26.016	-1.257	4,8%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-881	-881	0	0,0%	-3.040	2.159	-71,0%
Launakostnaður samtals	-28.154	-27.768	-386	1,4%	-29.056	902	-3,1%
Annar rekstrarkostnaður	-29.891	-29.541	-350	1,2%	-28.052	-1.839	6,6%
Rekstrargjöld samtals	-58.044	-57.308	-736	1,3%	-57.108	-936	1,6%
Fjármagnsliðir og hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	-29	100	-128	-128,9%	207	-235	-113,9%
EBITDA	-6.023	-5.894	-129	2,2%	-8.006	1.983	-24,8%
Rekstrarniðurstaða	-6.052	-5.794	-258	4,4%	-7.799	1.748	-22,4%


Rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 6.052 m.kr. sem var 258 m.kr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði (EBITDA) var neikvæð um 6.023 m.kr. eða um 129 m.kr. lakari en gert var ráð fyrir í áætlun.

Rekstrartekjur Staðgreiðsla var 764 m.kr. yfir áætlun eða 2,1%. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 171 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra** voru 421 m.kr. yfir áætlun einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum. **Þjónustutekjur** voru 207 m.kr. undir áætlun og aðrar tekjur voru 46 m.kr. yfir áætlun.

Rekstrargjöld voru 736 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,3%. **Laun og launatengd gjöld** námu 27.273 m.kr. eða 386 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik í launakostnaði voru mest á velferðarsviði án bundinna liða 232 m.kr. umfram fjárheimildir ásamt skóla- og frístundasviði 216 m.kr. umfram fjárheimildir. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar** nam 881 m.kr. gjaldfært var samkvæmt áætlun. **Annar rekstrarkostnaður** var 29.891 m.kr. eða 350 m.kr. umfram fjárheimildir.

Nettó fjármunagjöld voru 29 m.kr. eða 128 m.kr. yfir áætlun. Vaxtatekjur og verðbætur voru 45 m.kr. yfir áætlun sem rekja má að hluta til þess að handbært fé var 12,7 m.kr. hærra en gert var ráð fyrir í áætlun. Vaxtagjöld og verðbætur voru 65 m.kr. yfir fjárheimildum sem rekja má til hærri verðbólgu á tímabilinu en áætlað var. Þá voru gjöld vegna gengismunar 73 m.kr. yfir áætlun.


2.2.1 Menningar- og íþróttasvið



Rekstur MÍR (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	667	756	-88	-11,7%
Laun og launat. gj.	-1.528	-1.536	8	-0,5%
Annar rekstrark.	-5.089	-4.964	-124	2,5%
Nettó útgjöld	-5.949	-5.744	-205	3,6%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og íþróttasviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2026 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 5.949 m.kr. sem var 205 m.kr. umfram fjárheimildir.



Þjónustubættir MÍR

M álaflokkar MÍR (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2025	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2025	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2025	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2025	Frávik tímabils	%
Yfirstjórn MÍR	0	0	0	-109	-110	1	-19	-19	-1	-128	-129	0	-0,3%
Söfn	83	95	-12	-467	-457	-10	-428	-432	4	-811	-793	-18	2,3%
Menningarborg	1	1	0	0	0	0	-892	-912	20	-891	-911	20	-2,2%
Íþróttaborg	5	21	-15	-8	-10	2	-2.944	-2.745	-199	-2.947	-2.734	-213	7,8%
Útílfisborg	67	56	11	-126	-135	9	-114	-110	-4	-173	-190	17	-9,0%
Sundlaugar	370	356	14	-546	-529	-17	-567	-537	-30	-742	-710	-32	4,5%
Skiðasvæði	122	217	-95	-125	-167	41	-39	-87	48	-42	-36	-6	15,7%
Hitt húsið	16	8	8	-135	-114	-21	-47	-58	11	-165	-164	-1	0,9%
Kynningarmál, sérverkefni og annað	2	2	0	-12	-15	3	-39	-64	25	-49	-77	28	-36,8%
Samtals	667	756	-88	-1.528	-1.536	8	-5.089	-4.964	-124	-5.949	-5.744	-205	3,6%

Yfirstjórn: Var í samræmi við áætlun.

Söfn: Voru samtals 18 m.kr. eða 2,3% umfram fjárheimildir. Tekjur voru 12 m.kr. undir áætlun. Laun voru 10 m.kr. umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður var 4 m.kr. innan fjárheimilda. Borgarbókasafnið var samkvæmt fjárheimildum og Listasafn Reykjavíkur var um 5 m.kr. umfram fjárheimildir þar sem helsta skýringin er uppgjör við fyrrum safnstjóra ásamt lækkuðum tekjum. Borgarsögusafnið var 13 m.kr. umfram fjárheimildir þar sem mikil lækkun hefur orðið á tekjum á Landnámssýningu ásamt því að annar rekstur þar var 7 m.kr. umfram fjárheimildir.

Menningarborg: Var 20 m.kr. eða 2,2% innan fjárheimilda.

Íþróttaborg: Var 213 m.kr. eða um 7,8% umfram fjárheimildir og skýrist það helst af tveimur liðum, rekstur á gervigrasvöllum og grasvöllum sem voru 82 m.kr. umfram fjárheimildir. Mikill annar rekstrarkostnaður var á þessum liðum sem ekki hefur verið bættur síðustu ár og frístundakortið var 105 m.kr. umfram fjárheimildir.

Útílfisborg: Var 17 m.kr. innan fjárheimilda eða 9,0% .

Sundlaugar: Voru 32 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,5%. Tekjur voru 14 m.kr. yfir áætlun, launakostnaður var 17 m.kr. umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður var 30 m.kr. umfram fjárheimildir.

Skíðasvæði: Voru 6 m.kr. umfram fjárheimildir. Veturinn var erfiður rekstrarlega og ófyrirsjáanleiki mikill. Tekjur voru 95 m.kr. undir áætlun, laun voru 41 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður 48 m.kr. innan fjárheimilda.

Hitt húsið: Var 1 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,1%. Tekjur voru 8 m.kr. yfir áætlun. Laun og launatengd gjöld voru 21 m.kr. umfram fjárheimildir, annar rekstrarkostnaður var 11 m.kr. innan fjárheimilda.

Kynningarmál, sérverkefni og annað: Var 28 m.kr. innan fjárheimilda eða 36,8%. Launakostnaður var 3 m.kr. innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður var 25 m.kr. innan fjárheimilda. Mikið aðhald er á miðlægum kostnaði í ljósi stöðunnar, en óumflýjanlegt er að kostnaður falli á aðra ársfjórðunga.


Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Á fyrsta ársfjórungi var sviðið 205 m.kr. eða 3,6% umfram fjárheimildir.
- Mestu frávikin í rekstri sviðsins liggja hjá Íþróttaborg eða 213 m.kr. og felast að mestu leyti í krónutöluhækkun frístundastyrkja og rekstri gervigrasvalla.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Rekstur MÍR stefnir í halla á árinu að öðru óbreyttu. Mikilvægt er að stjórnendur bregðist við frávikum í rekstri og leiti leiða til að rekstur verði innan fjárheimilda.

2.2.2 Skóla- og frístundasvið




Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2026 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósenthlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 23.143 m.kr. sem var 136 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,6% en til samanburðar var sviðið 146 m.kr. umfram fjárheimildir á sama tímabili 2025 eða 0,2%. Þetta eru merki um stöðugleika í rekstri sviðsins og áfram verður lögð áhersla á aðhald í rekstri og að stöðugildafjöldi á starfsstöðum sé í samræmi við þau líkön sem notuð eru til úthlutunar fjárheimilda.

Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	1.344	1.353	-10	-0,7%
Laun og launat. gj.	-15.044	-14.827	-216	1,5%
Annar rekstark.	-9.442	-9.532	89	-0,9%
Nettó útgjöld	-23.143	-23.006	-136	0,6%

Tekjur voru 0,7% undir áætlun sem kemur til vegna lægri tekna en áætlað var í frístundastarfi eða um 45 m.kr. Hærri tekjur eru m.a. vegna styrkja 10 m.kr. og tekjur umfram áætlun vegna þjónustu við önnur sveitarfélög 30 m.kr.



Laun voru 1,5% umfram fjárheimildir. Annar rekstarkostnaður er 0,9% innan fjárheimilda. Heildarveikindahlutfall innan SFS janúar til mars 2026 var 8,3% en á sama tímabili 2025 var hlutfallið 9,52%, sem er jákvæð þróun frá fyrra ári.

Til að takast á við rekstur starfsstaða SFS þá hafa verið haldnir reglulegir fundir með stjórnendum starfsstaða þar sem farið er yfir stöðuna og ákveðið til hvaða aðgerða er nauðsynlegt að grípa svo að rekstrinum verði innan fjárheimilda.

Mikið aðhald er í starfsmannahaldi þar sem allar ráðningar starfsmanna fara nú fyrir ráðninganefnd þar sem færa þarf rök fyrir hverri ráðningu. Á árinu 2024 voru nær allir leikskólar í halla en með tilkomu nýs reiknilíkans leikskóla, Snorra sem tekið var í notkun á árinu 2025, færðist rekstrarafkoma leikskólanna til betri vegar. Á árinu 2026 eru enn þó nokkrir leikskólar sem eiga við rekstrarvanda að etja sem má meðal annars rekja til innvistar- og húsnæðisvanda. Í apríl 2026 var Reykjavíkurlleiðin tekin í notkun og er því ekki farin að hafa áhrif á rekstur leikskóla á tímabilinu.

SFS - sviðshlutar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			%	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)		
Grunnskólar	534	492	42	-8.262	-7.979	-284	-5.344	-5.540	196	-13.072	-13.027	-45	0,3%	Halli
Leikskólar	532	537	-5	-5.050	-4.985	-65	-3.311	-3.161	-150	-7.829	-7.608	-221	2,9%	Halli
Frístundastarf	261	307	-46	-1.296	-1.396	101	-238	-250	12	-1.273	-1.339	67	-5,0%	Afgangur
Skrifstofur SFS	1	2	-1	-321	-332	11	-81	-92	11	-401	-421	20	-4,9%	Afgangur
Listaskólar ofl.	15	15		-114	-136	22	-469	-490	21	-568	-611	43	-7,0%	Afgangur
Samtals	1.344	1.353	-10	-15.044	-14.827	-216	-9.442	-9.532	89	-23.143	-23.006	-136	0,6%	Halli

Þegar horft er á rekstur SFS eftir sviðshlutum sést að sviðið í heild var samtals 136 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,6%. Rekstur leikskólahluta var 2,9% umfram fjárheimildir. Grunnskólahluti var 0,3% umfram fjárheimildir og frístundastarf var 5,0% innan fjárheimilda.

Grunnskólahluti

Nettó útgjöld grunnskólahluta SFS voru 13.072 m.kr. sem var 45 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,3%.


Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Grunnskólar samr.	43	33	10	-1.071	-1.067	-4	-638	-636	-2	-1.666	-1.670	4	-0,2%	Afgangur
Grunnskólar	23		23	-6.361	-6.162	-200	-3.287	-3.361	75	-9.624	-9.523	-102	1,1%	Halli
Sérskólar	322	315	7	-671	-590	-80	-231	-213	-18	-580	-489	-92	18,7%	Halli
Samt. borgarrekn.	388	348	40	-8.103	-7.819	-284	-4.156	-4.210	55	-11.871	-11.681	-189	1,6%	Halli
Miðlægt	174	172	3	-150	-188	38	-361	-476	115	-337	-492	155	-31,6%	Afgangur
Óreglulegir liðir	-28	-28		-10	28	-38	-2	-39	37	-40	-39	-1	1,6%	Halli
Einkaskólar							-825	-814	-11	-825	-814	-11	1,3%	Halli
Samtals	534	492	42	-8.262	-7.979	-284	-5.344	-5.540	196	-13.072	-13.027	-45	0,3%	Halli

Grunnskólar borgarinnar

Grunnskólar borgarinnar og samreknir skólar voru 98 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekstur margra grunnskóla er í jafnvægi, en það eru þó einstaka skólar sem eru umfram fjárheimildir og er unnið að úrlausn rekstrarvandans í samvinnu við stjórnendur.

Umframkeyrsla á rekstri skóla sem standa í framkvæmdum vegna viðhalds og endurbóta vegur þungt en slíkt hefur raskað skólastarfi töluvert og valdið auknum launakostnaði vegna þess óhagræðis sem fylgir fleiri starfsstöðvum. Fleiri starfsstöðvar skólanna leiða auk þess til hækkunar á rekstrarliðum s.s. launakostnaði, skólaakstri og mótuneytiskostnaði.

Afleysing vegna langtímaveikinda í grunnskólum og sérskólum nam um 212 m.kr. Skammtímaveikindi starfsmanna kalla á afleysingu til að geta haldið uppi lögbundnu skólastarfi. Heildarveikindahlutfall hjá grunnskólum var um 7,89% á tímabilinu en var 8,75% fyrir sama tímabil 2025.



Annar rekstrarkostnaður grunnskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	-2.751	-2.748	-3	-0,1%
Rafmagn, hiti og vatn	-150	-117	-32	-27,4%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	-140	-112	-29	-25,9%
Einkareknir skólar	-825	-814	-11	-1,3%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	-142	-218	76	35,0%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	-4.008	-4.010	2	0,1%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	-460	-654	194	29,6%
Kennsluefni	-58	-62	5	7,4%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	-197	-204	7	3,5%
Viðhald og endurnýjun á hald og eigna	-117	-157	41	25,9%
Leiga íþróttamannvirkja	-96	-101	5	4,9%
Aðkeypt vinna	-70	-39	-31	-81,5%
Innri leiga búnaðar	-239	-233	-6	-2,7%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	-100	-80	-20	-24,9%
Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda	-1.336	-1.530	193	12,6%
Samtals annar rekstrarkostnaður	-5.344	-5.540	196	3,5%

Öðrum rekstrarkostnaði grunnskóla er skipt upp í tvo megin hluta. Kostnað sem stjórnendur hafa ekki aðkomu að og kostnað sem stjórnendur geta haft áhrif á í daglegum rekstri, í heildina er annar rekstrarkostnaður innan fjárheimilda.

Sá hluti annars rekstrarkostnaðar, sem stjórnendur hafa áhrif á, er innan fjárheimilda og vegur þar mest hráefni í fæðiskostnað. Þó eru liðir eins og aðkeypt vinna sem eru verulega umfram fjárheimildir en skýrast þó af lögbundinni skyldu stjórnenda til að halda uppi skólstarfi og ráðningu afleysingarkennara vegna veikinda starfsfólks á tímabilinu. Akstur var innan fjárheimilda.

Sérskólar:

Klettaskóli er sérskóli á grunnskólastigi sem þjónar öllu landinu. Á tímabilinu var rekstur skólans um 91 m.kr. umfram fjárheimildir. Skólagöngu nemenda sem búsettir eru utan Reykjavíkur fjármagna heimasveitarfélög nemendanna. Rekstur skólans hefur verið talsvert umfram fjárheimildir síðustu ár þar sem þjónustuþyngd barna hefur aukist mikið. Afleysingar vegna veikinda vega þungt í rekstri skólans en veikindahlutfall var um 10,48% 2026 en var 8,81% fyrir sama tímabil 2025. Um 37% nemenda í Klettaskóla eru börn úr öðrum sveitarfélögum og er greiðsluþátttaka sveitarfélaganna byggð á raunkostnaði.

Brúarskóli er tímabundið skólaúrræði með það markmið að efla nemendur og styðja við þá svo þeir verði hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla. Rekstur skólans var í jafnvægi.

Arnarskóli er sjálfstætt starfandi sérskóli þar hefur borgin verið með 14 börn, útgjöld voru um 2 m.kr. umfram fjárheimildir sem kemur til vegna breytinga á gjöldum frá upphaflegri áætlun.

Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu grunnskóla borgarinnar: Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2026 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.


Borgarreknir grunnskólar (m.kr.)													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals rekstur	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Samreknir skólar													
Norðlingaskóli	11	7	-4	-272	-262	-9	-168	-168	0	-428	-422	-6	-1,4%
Fellaskóli	2	2	1	-264	-258	-6	-114	-116	3	-376	-371	-4	-1,2%
Dalskóli	15	8	-7	-252	-249	-3	-235	-230	-5	-472	-471	-2	-0,4%
Ártúnsskóli	9	9	0	-142	-146	4	-63	-61	-2	-195	-198	2	1,2%
Klébergsskóli	6	6	0	-142	-152	11	-58	-61	3	-195	-208	13	6,3%
Samreknir samtals	43	33	-10	-1.071	-1.067	-4	-638	-636	-2	-1.666	-1.670	4	-0,2%
Grunnskólar													
Laugarnesskóli	0	0	0	-231	-214	-17	-131	-121	-10	-361	-335	-26	-7,8%
Breiðholtsskóli	0	0	0	-244	-214	-30	-109	-115	6	-353	-329	-23	-7,0%
Breiðagerðisskóli	0	0	0	-177	-161	-16	-97	-99	2	-274	-260	-14	-5,5%
Hagaskóli	0	0	0	-261	-246	-15	-159	-152	-6	-420	-398	-22	-5,4%
Hólabrekkuskóli	0	0	0	-229	-217	-13	-131	-125	-6	-360	-342	-18	-5,2%
Foldaskóli	1	0	-1	-258	-238	-20	-111	-114	3	-368	-352	-16	-4,6%
Selásskóli	0	0	0	-95	-90	-5	-75	-72	-3	-170	-163	-7	-4,4%
Laugalækjarskóli	0	0	0	-191	-179	-12	-100	-100	0	-291	-279	-12	-4,2%
Fossvogsskóli	2	0	-2	-165	-153	-13	-116	-116	0	-280	-268	-11	-4,2%
Ingunnarskóli	1	0	-1	-178	-164	-14	-93	-95	2	-270	-259	-11	-4,2%
Engjaskóli	1	0	-1	-139	-125	-13	-77	-80	4	-214	-206	-8	-3,9%
Hlíðaskóli	1	0	-1	-298	-290	-8	-142	-133	-9	-438	-423	-15	-3,5%
Rimaskóli	1	0	-1	-242	-222	-20	-122	-132	10	-364	-354	-10	-2,8%
Borgaskóli	1	0	-1	-130	-121	-9	-77	-81	4	-207	-202	-4	-2,2%
Hvassaleitisskóli	2	0	-2	-140	-137	-3	-91	-88	-3	-230	-226	-4	-1,9%
Austurbæjarskóli	1	0	-1	-202	-194	-8	-100	-103	3	-301	-297	-4	-1,2%
Vogaskóli	0	0	0	-236	-234	-2	-115	-113	-2	-351	-347	-4	-1,1%
Melaskóli	2	0	-2	-226	-213	-13	-96	-105	8	-320	-317	-3	-0,9%
Sæmundarskóli	1	0	-1	-209	-202	-7	-123	-127	4	-332	-330	-2	-0,6%
Álfamýrarskóli	0	0	0	-206	-201	-5	-101	-104	3	-307	-305	-2	-0,6%
Háteigsskóli	5	0	-5	-266	-258	-9	-88	-91	3	-349	-349	0	0,0%
Húsaskóli	0	0	0	-109	-112	3	-70	-68	-2	-179	-180	1	0,4%
Seljaskóli	0	0	0	-304	-289	-15	-99	-116	17	-403	-405	2	0,5%
Langholtsskóli	0	0	0	-312	-313	0	-162	-168	6	-475	-481	7	1,4%
Víkurskóli	1	0	-1	-113	-117	4	-68	-67	-1	-179	-184	4	2,4%
Árbæjarskóli	0	0	0	-330	-337	7	-138	-152	14	-468	-489	21	4,3%
Ölduselsskóli	0	0	0	-226	-232	6	-122	-133	11	-348	-365	17	4,6%
Hamraskóli	0	0	0	-141	-154	13	-82	-81	-1	-223	-234	11	4,9%
Grandaskóli	0	0	0	-155	-165	10	-80	-84	4	-234	-248	14	5,6%
Vesturbæjarskóli	1	0	-1	-154	-159	5	-102	-111	9	-255	-270	15	5,6%
Réttarholtsskóli	0	0	0	-191	-210	20	-111	-113	2	-302	-323	22	6,7%
Grunnskólar samtals	23	0	-23	-6.361	-6.162	-200	-3.287	-3.361	75	-9.624	-9.523	-102	1,1%
Sérskólar													
Klettaskóli	322	315	-7	-535	-457	-78	-193	-174	-19	-407	-316	-91	-28,8%
Brúarskóli	0	0	0	-135	-133	-2	-38	-40	2	-173	-173	-1	-0,4%
Sérskólar samtals	322	315	-7	-671	-590	-80	-231	-213	-18	-580	-489	-92	18,7%
Samtals	388	348	-40	-8.103	-7.819	-284	-4.156	-4.210	55	-11.871	-11.681	-189	1,6%

Leikskólahluti

Nettó útgjöld leikskólahluta SFS voru 7.829 m.kr. sem var 221 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,9%.

Leikskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Leikskólar	465	483	-18	-4.923	-5.055	132	-1.613	-1.497	-116	-6.071	-6.068	-2	0,0%	Halli
Óreglulegir liðir leikskóla				-7		-7	-2	-19	18	-8	-19	11	-56%	Afgangur
Miðlægt og endurútlutun	67	54	13	-120	70	-191	-67	-120	53	-121	5	-125	-2772%	Halli
Samtals borgarrekni	532	537	-5	-5.050	-4.985	-65	-1.682	-1.636	-46	-6.200	-6.083	-117	1,9%	Halli
Einkaskólar							-1.502	-1.378	-124	-1.502	-1.378	-124	9,0%	Halli
Dagforeldrar							-127	-147	20	-127	-147	20	-13,7%	Afgangur
Samtals einkaskólar og dagf.							-1.629	-1.525	-104	-1.629	-1.525	-104	6,8%	Halli
Samtals	532	537	-5	-5.050	-4.985	-65	-3.311	-3.161	-150	-7.829	-7.608	-221	2,9%	Halli

Rekstrarniðurstaða borgarrekinnna leikskóla var á pari við fjárheimildir. Leikskólar hafa verið með útgjöld vegna stuðning umfram fjárhagsramma og mynda þau útgjöld umframkeyrslu á miðlægum liðum leikskóla. Til að ná betur utan um rekstur leikskólanna hefur verið unnið að nýju leikskólalíkani sem formlega var tekið í notkun í ársbyrjun 2025. Er vonast til þess að með því fáiast betri sýn á reksturinn og nýtt rekstrarlíkan nái að fanga nauðsynlegar fjárheimildir til reksturs leikskóla. Afleysing vegna langtímaveikinda hefur farið 50 m.kr. fram úr fjárheimildum. Heildarveikindahlutfall leikskóla á tímabilinu var á tímabilinu 8,63% en var 9,92 fyrir sama tímabil 2025. Framkvæmdir vegna viðgerða og viðhalds vegna innvistarvandamála hafa haft töluverð áhrif á rekstur leikskóla og valdið ófyrirséðum kostnaði.



Annar rekstrarkostnaður leikskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	-743	-755	11	1,5%
Rafmagn, hiti og vatn	-43	-32	-11	-33,8%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	-147	-132	-15	-11,3%
Einkarekni skólar	-1.502	-1.378	-124	-9,0%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	-94	-252	158	62,8%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	-2.529	-2.549	19	0,8%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	-504	-415	-89	-21,5%
Kennsluefni	-16	-19	3	17,5%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	-1	-4	3	86,2%
Viðhald og endurnýjun á halda og eigna	-41	-45	4	9,6%
Húsaleiga	-21		-21	
Aðkeypt vinna	-37	-5	-32	-638,9%
Innri leiga búnaðar	-117	-71	-45	63,6%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	-45	-52	7	13,7%
Samtals ýmis kostnaður	-781	-612	-170	-27,7%
Samtals annar rekstrarkostnaður	-3.311	-3.161	-150	-4,8%

Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu leikskóla borgarinnar Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2026 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Borgarreknir leikskólar (m.kr.)													
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %
Hagaborg	7	7	-1	-92	-75	-17	-23	-19	-4	-109	-87	-22	-25,3%
Hólaborg	4	4	0	-45	-40	-5	-15	-13	-2	-56	-49	-7	-14,9%
Seljaborg	4	4	0	-37	-32	-6	-12	-13	1	-45	-40	-5	-13,1%
Mariuborg	7	6	0	-65	-60	-5	-23	-19	-4	-81	-72	-9	-12,4%
Bjartahlíð	10	10	0	-99	-91	-8	-29	-26	-3	-118	-107	-11	-10,0%
Drafnarsteinn	9	9	0	-95	-89	-6	-27	-23	-4	-112	-102	-10	-9,3%
Borg	9	10	-1	-110	-105	-6	-31	-27	-3	-132	-122	-10	-8,1%
Furuskógur	9	9	-1	-93	-93	0	-39	-30	-9	-123	-114	-9	-8,1%
Austurborg	8	9	0	-84	-81	-3	-22	-18	-4	-98	-90	-7	-8,1%
Rauðaborg	5	5	0	-44	-41	-3	-14	-13	-1	-53	-49	-4	-7,8%
Klambrar	8	8	0	-86	-80	-6	-28	-26	-2	-105	-97	-7	-7,6%
Sunnuás	10	9	1	-105	-92	-12	-47	-49	2	-141	-132	-10	-7,4%
Vesturborg	4	4	0	-43	-42	0	-15	-12	-3	-53	-50	-3	-6,5%
Gullborg	9	8	1	-80	-74	-5	-22	-21	-1	-93	-87	-6	-6,4%
Nauthólsvegur	7	8	-1	-74	-71	-4	-40	-38	-2	-107	-101	-6	-6,3%
Reynisholt	7	7	0	-66	-67	1	-22	-16	-5	-81	-76	-4	-5,8%
Árborg	3	4	0	-50	-51	1	-9	-5	-4	-56	-53	-3	-4,9%
Grænborg	6	7	0	-68	-67	-1	-19	-16	-2	-81	-77	-4	-4,9%
Tjörn	6	6	0	-68	-66	-2	-19	-17	-1	-80	-77	-3	-4,3%
Hof	10	10	0	-90	-86	-4	-20	-20	0	-100	-96	-4	-4,1%
Brekkuborg	6	6	0	-73	-70	-2	-13	-13	0	-80	-77	-3	-3,9%
Álftaborg	7	7	0	-81	-81	0	-24	-20	-4	-98	-94	-3	-3,5%
Sæborg	6	7	0	-58	-58	-1	-17	-16	-1	-69	-67	-2	-3,0%
Hamrar	8	8	0	-60	-60	0	-20	-18	-1	-72	-70	-2	-2,6%
Fífuborg	6	6	0	-68	-67	0	-34	-32	-2	-96	-93	-2	-2,5%
Langholt	14	15	0	-119	-120	0	-49	-45	-4	-154	-150	-4	-2,5%
Laugasól	4	5	-2	-78	-76	-3	-25	-27	2	-99	-97	-2	-2,4%
Lynghéimar	7	6	0	-65	-66	1	-22	-19	-2	-80	-79	-1	-1,8%
Steinahlíð	4	5	0	-45	-46	1	-18	-17	-2	-59	-58	-1	-1,7%
Briertartún	11	9	2	-107	-103	-4	-38	-38	0	-133	-131	-2	-1,5%
Jöklaborg	8	9	-1	-92	-92	1	-21	-20	-1	-104	-103	-2	-1,5%
Eggersgata	6	7	-1	-69	-69	0	-45	-45	-1	-108	-107	-2	-1,4%
Rauðhóll	16	16	0	-170	-167	-3	-48	-49	1	-202	-200	-3	-1,3%
Funaborg	4	5	-1	-57	-59	2	-11	-10	-2	-65	-64	-1	-0,9%
Sólborg	6	7	0	-95	-98	3	-20	-17	-3	-109	-108	0	-0,3%
Grandaborg *	0	2	-2	0	-24	24	-1	-3	1	-2	-24	23	0,0%
Garðaborg *	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0%
Nóaborg	6	7	0	-65	-66	1	-19	-18	-1	-77	-77	0	0,3%
Blásalir	6	7	-1	-61	-63	3	-18	-17	-1	-73	-73	0	0,6%
